

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 287/1995.

**Hreinn Guðlaugsson og
Freyja Helgadóttir**

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Ingunni P. Baldvins
Sigríði D. Martin og
Elísabetu Baldvins**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Frávísun máls frá héraðsdómi. Dánarbú. Aðild. Fyrirsvar. Stefna. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1995. Við munnlegan flutning málsins kröfðust þau þess aðallega, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að stefndu yrði gert að greiða sér 828.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. september 1994 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar.

Stefndu lýstu sig við munnlegan flutning málsins samþykkar aðal-kröfu áfrýjenda, en kröfðust málskostnaðar fyrir Hæstarétti með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málið á rætur að rekja til þess, er áfrýjendur keyptu fasteignina að Brúnastekk 9 í Reykjavík af Þóru Þórðardóttur með samningi 6. nóvember 1992, en áfrýjendur telja eigninni hafa verið áfátt og krefjast skaðabóta af þeim sökum. Samkvæmt gögnum málsins lést Þóra Þórðardóttir 3. desember 1994. Áfrýjendur höfðuðu málið með stefnu, út gefinni 7. desember 1994, á hendur dánarbúi Þóru. Tekið var til varna í nafni dánarbúsins í héraði með greinargerð 23. febrúar 1995, og gekk hinn áfrýjaði dómur 23. maí sama ár um sýknu þess af kröfum áfrýjenda, og þeim auk þess gert að greiða málskostnað. Fyrir liggur, að einkaskiptum var lokið á dánarbúinu 14. febrúar 1995, og voru stefndu þar erfingjar.

Málsókn þessi á hendur dánarbúi Þóru Þórðardóttur er andstæð

meginreglu 1. mgr. 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Þótt stefndu hafi sem erfingjar hinnar látnu fengið leyfi til einkaskipta, skorti heimild til að beina kröfum að dánarbúinu, sbr. 3. mgr. 87. gr. sömu laga. Verður ekki bætt nú úr þeim annmarka með þeim aðilaskiptum að málinu, sem orðið hafa fyrir Hæstarétti. Héraðsdómsstefnu er jafnframt áfátt, með því að þar er látið hjá líða að greina frá nafni fyrirsvarsmanns stefnda, sbr. b-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, en þess í stað er í niðurlagi stefnunnar skorað á stefnda, dánarbú Þóru Þórðardóttur, „að koma fyrir dóm, þegar málið verður þingfest, svara til saka og leggja fram gögn“.

Af framangreindum ástæðum eru slíkir annmarkar á málinu, að ekki verður komist hjá að vísa því frá héraðsdómi. Þar sem lögmaður stefndu átti hlut að rekstri málsins í þessu ólögsmæta horfi með því að hafa áritað héraðsdómsstefnu af hálfu stefnda um nægilega birtingu hennar og tekið í kjölfar þess til varna á báðum dómstigum án þess að gera athugasemdir um formhlið málsins, eru ekki efni til að dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar í héraði eða fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.
